



Ársskýrsla Árskóla

Skólaárið 2025 - 2026

Efnisyfirlit

INNGANGUR	4
STARFSTÍMI SKÓLANS	6
NEMENDAFJÖLDI	6
STARFSMANNAHALD	6
STJÓRNENDUR	6
STARFSMENN - STÖÐUGILDI	7
FJÁRMÁL	8
FÁRHAGSÁÆTLUN ÁRSKÓLA 2021-2025	8
SKÓLANÁMSKRÁ	8
ANNAÐ SKIPULAG	8
SKÓLARÁÐ	8
NEMENDAFÉLAG	9
SKÓLAÁRIÐ - NÁMSMAT	9
STOÐÞJÓNUSTA - STUÐNINGSÚRRÆÐI	10
TEYMISKENNSLA	11
ÁRVIST - FRÍSTUND	12
SKIPULAG FÉLAGSSTARFA	13
SAMSTARF	15
SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA	15
FORELDRAFÉLAG	15
FORELDRASAMSTARF	15
TENGL VIÐ LEIKSKÓLA	17
TENGL VIÐ FRAMHALDSSKÓLA	17
TENGL VIÐ HÁSKÓLA	18
TENGL VIÐ INNLENDAR MENNTASTOFNANIR	18
TENGL VIÐ ERLENDA SKÓLA	18
VALGREINAR	19
SKÓLASAFN	19
TÖLVU - OG UPPLÝSINGATÆKNI	20
TÆKJABÚNAÐUR	20
ÞRÓUNARVERKEFNI Í UPPLÝSINGATÆKNI	21
MAT Á SKÓLASTARFI	21
INNRA MAT á SKÓLASTARFI	21
YTRA MAT Á SKÓLASTARFI	22
MATSFERILL	23
ENDURMENNTUN	23
FRÆÐSLA INNAN SKÓLANS	23
RÁÐSTEFNUR, NÁMSFERÐIR OG NÁMSKEIÐ UTAN SKÓLANS	23

FRÆDSLUDAGUR	24
ÞRÓUNARVERKEFNI – NÝBREYTNISTARF	24
SJÁÐU STYRKLEIKANN! - SEE THE GOOD!	24
LESTRARSTEFNA	26
BYRJENDALÆSI	26
EINELTISSTARFIÐ	27
HEILSUEFLANDI SKÓLI	28
FYLGISKJÖL	30
FYLGISKJAL 1 – SKÓLADAGATAL 2025-2026	30
FYLGISKJAL 2 – SKÓLADAGATAL 2026-2027	31

INNGANGUR

Skólaárið 2025–2026 var viðburðaríkt og fjölbreytt í Árskóla. Í skólanum var unnið að fjölmörgum verkefnum á sviði náms, kennslu, velferðar og þróunarstarfs samhliða öflugu félags- og menningarstarfi. Líkt og áður mótaðist skólastarfið af sterkum hefðum sem skapa skólanum sérstöðu, en jafnframt var lögð áhersla á nýsköpun, umbætur og sífellda þróun í þágu nemenda og starfsfólks.

Mikilvægur áfangi náðist á skólaárinu þegar ný menntastefna Skagafjarðar fyrir árin 2026–2031 var innleidd í skólastarf Árskóla. Menntastefnan byggir á skýrri framtíðarsýn um öflugt og fjölbreytt skólastarf þar sem áhersla er lögð á farsæld nemenda, framúrskarandi kennslu, samstarf og nýsköpun. Samhliða innleiðingunni var mótuð aðgerðaráætlun sem mun leiða áfram þróunarstarf skólans á næstu árum og skapa sameiginlegan ramma utan um umbótaverkefni og áherslur skólasamfélagsins.

Áfram var unnið að endurskoðun og þróun skólanámskrár, námskráa einstakra námsgreina og námsáætlana. Markmiðið er að tryggja skýra tengingu við Aðalnámskrá grunnskóla og stuðla að samræmi í kennslu, námsmati og upplýsingagjöf til nemenda og foreldra. Námsmat byggir áfram á símati og reglulegri endurgjöf um framvindu náms.

Nýjungar voru innleiddar í matsferli grunnskóla. Við lesfimi, sem hefur verið lögð fyrir um árábil, bættust stöðu- og framvindupróf Miðstöðvar menntunar og skólaþjónusu (MMS). Þótt prófin séu skyldubundin í 4., 6. og 9. bekk var sú ákvörðun tekin í Skagafirði að leggja þau fyrir í öllum árgöngum frá 4. til 10. bekk. Með því fæst betri yfirsýn yfir námsframvindu nemenda og sterkari grunnur fyrir markvissar aðgerðir til að efla nám og árangur.

Á skólaárinu var einnig lögð aukin áhersla á starfsþróun starfsfólks. Allir starfsmenn fóru í starfsþróunarviðtöl þar sem rætt var um starf, líðan, styrkleika, þróunarmarkmið og framtíðarsýn. Stefnt er að því að slík viðtöl verði fastur og

reglulegur þáttur í mannauðsstjórnun skólans og stuðli að faglegri þróun og vellíðan starfsfólks.

Aðstaða til kennslu hefur víða verið bætt á undanförunum árum, en enn stendur skólinn frammi fyrir áskorunum varðandi húsnæði og sérgreinakennslu. Þörf fyrir sérhæfða aðstöðu til kennslu í náttúrufræði, textíl og tónmennt er áfram brýn. Slík aðstaða er mikilvæg forsenda þess að hægt sé að uppfylla markmið Aðalnámskrár og bjóða nemendum fjölbreytt og metnaðarfull námsviðfangsefni. Einnig er áfram þörf á að bæta aðstöðu til tónlistarstarfs og samkomuhalds innan skólans.

Á árinu var unnið markvisst að undirbúningi viðhalds og framkvæmda í skólahúsnæðinu í samstarfi við sveitarfélagið. Farið var yfir brunavarnir og brunakerfi skólans og ljóst að fram undan eru mikilvægar endurbætur á því sviði. Einnig var unnið að áætlunum um endurnýjun snjóbræðslukerfis, kaup á nýjum snögum og geymsluhólfum, málun ganga í A-álmu og endurnýjun gólfefna þar sem þörf er á. Þá eru fyrirhugaðar framkvæmdir við nýtt anddyri og innihurðir í A-álmu sem munu bæta bæði aðstöðu og ásýnd húsnæðisins. Þessar framkvæmdir eru mikilvægt skref í átt að því að bæta náms- og vinnuumhverfi nemenda og starfsfólks.

Árskóli gegnir lykilhlutverki í samfélagi Skagafjarðar. Á hverjum skóladegi koma saman hátt í 500 nemendur og starfsmenn til náms og starfa. Það er því afar mikilvægt að hlúa vel að bæði mannauði og húsnæði skólans svo hægt sé að mæta þeim fjölbreyttu verkefnum og áskorunum sem felast í rekstri nútímalegs grunnskóla.

Sauðárkróki, 24. júní 2026

Kristján Bjarni Halldórsson skólastjóri

Hallfríður Sverrisdóttir aðstoðarskólastjóri

STARFSTÍMI SKÓLANS

Skólastarf hófst 15. ágúst með skipulagsdögum. Skólaárið hófst 22. ágúst. Skólaárið var slitið þriðjudaginn 2. júní. *Skóladagatal 2025-2026 og 2026-2027* má sjá í fylgiskjöllum.

NEMENDAFJÖLDI

Skólaárið 2025 – 2026 var nemendafjöldi skólans eftirfarandi:

1.	bekkur	33 nemendur
2.	bekkur	41 nemendur
3.	bekkur	43 nemendur
4.	bekkur	40 nemendur
5.	bekkur	45 nemendur
6.	bekkur	35 nemendur
7.	bekkur	40 nemendur
8.	bekkur	44 nemendur
9.	bekkur	33 nemendur
10.	bekkur	42 nemendur

Nemendur voru samtals 396 að vori 2026.

STARFSMANNAHALD

STJÓRNENDUR

Auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra starfa við Árskóla 3 deildarstjórar stiga, þær Aðalbjörg Þorgrímsdóttir deildarstjóri yngsta stigs, Inga Lára Sigurðardóttir deildarstjóri miðstigs og Kristbjörg Kemp deildarstjóri unglingastigs. Ragna Fanney Gunnarsdóttir er deildarstjóri stoðþjónustu. Þar að auki er forstöðumaður Árvistar - frístundar, María Dröfn Guðnadóttir.

Við skólann starfa 91 starfsmenn, þar af eru kennarar 52 talsins, að deildarstjórum meðtöldum. Stöðugildi eru alls 77,9 sem skiptast þannig: Árskóli 73,2 og Árvist 4,7.

Stöðugildi til kennslu eru 40,8 og kennslustundir á viku skólaárið 2025-2026 eru 1009.

STARFSMENN - STÖÐUGILDI

Árskóli	Stöðugildi
Stjórnun	4,5
Kennsla	40,8
Tölvuumsjón	1
Verkefnastjórnun	0,7
Bókasafn	1
Skólaliðar og gæsla	5,9
Stuðningsfulltrúar	12,6
Matráðar	3,4
Skólaritari	1,3
Umsjónarmaður/húsvörður	1
Náms- og starfsráðgjafi	1
Samtals	73,2

Árvist (frístund)

Starfsmenn	4
Stjórnun	0,7
Samtals	4,7

FJÁRMÁL

FJÁRHAGSÁÆTLUN ÁRSKÓLA 2021-2025

Í töflu hér að neðan má sjá yfirlit yfir úthlutun fjármagns í milljónum til skólans sl. 5 ár. Þarna er eingöngu átt við fjármagn til skólans (lykill 04213), án sérdeildar og Árvistar.

Liðir	2021	2022	2023	2024	2025
Tekjur	52.6	41.6	40.7	31.7	6.0
Laun	604.9	653.8	741.5	816.3	937.7
Vörukaup	63.9	62.2	73.1	88.1	99.5
Þjónustukaup	201.4	53	236.2	231.5	240.4
<i>-Þar af innri leiga</i>	<i>141.4</i>	<i>146.9</i>	<i>148.7</i>	<i>168.9</i>	<i>175.8</i>
<i>-Þar af skólaakstur</i>	<i>29.8</i>	<i>30.2</i>	<i>44.5</i>	<i>29.6</i>	<i>30.8</i>
Samtals	817.6	727.4	1,010.1	1,104.2	1,271.6

SKÓLANÁMSKRÁ

Skólanámskrá Árskóla er tvískipt, annars vegar almenn stefnumörkun skólans sem birt er í skólanámskrá og hins vegar starfsáætlun skólans með upplýsingum sem eru breytilegar frá ári til árs. Starfsáætlunin er uppfærð árlega og skólanámskrá eftir þörfum. Skólanámskráin er aðgengileg á vef skólans.

ANNAÐ SKIPULAG

SKÓLARÁÐ

Samkvæmt grunnskólalögum frá 2008 skal starfa skólaráð við hvern grunnskóla. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi

grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs.

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri funda að jafnaði mánaðarlega með skólaráði, kynna þeim áætlanir skólans og fjalla um skólastarfið. Fundargerðir eru birtar á vef skólans.

NEMENDAFÉLAG

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag samkvæmt grunnskólalögum. Stjórn nemendafélags Árskóla vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Stjórn nemendafélagsins er skipuð fulltrúum nemenda í 7. - 10. bekk. Starfsreglur hennar eru á vef skólans. Deildarstjóri unglingastigs fundar með stjórninni. Fundargerðir eru birtar á vef skólans.

SKÓLAÁRIÐ - NÁMSMAT

Í grundvallaratriðum byggir námsmat skólans í því að nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum skólans í öllum námsgreinum jafnt og þétt yfir skólaárið. Sett eru fram metanleg hæfniviðmið skólans í öllum námsgreinum og er hvert markmið orðað þannig að það sé metanlegt með matskvarða. Hæfniviðmið skólans eru nánari útfærsla á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla 2011 og 2013. Á yngsta- og miðstigi eru hæfniviðmiðin metin með hæfnikvarðanum *Framúrskarandi, Hæfni náð, Á góðri leið, Þarfnast þjálfunar, Hæfni ekki náð*. Lokaeinkunn í hverri námsgrein er gefin að vori með sama kvarða á yngsta stigi, en með matskvarðanum *A, B+, B, C+, C, D á miðstigi*. Á unglingastigi er notaður matskvarðinn *A, B+, B, C+, C, D* bæði fyrir einstök hæfniviðmið og lokaeinkunn. Formlegt námsmat var unnið jafnt og þétt yfir skólaárið, rætt í foreldraviðtölum í janúar og afhent við skólaslit að vori. Í öllu námsmati er gert ráð fyrir að kennarar noti símat en byggji námsmatið ekki eingöngu á einstökum prófum eða könnunum. Vægi einstakra þátta getur verið breytilegt eftir námsgreinum, en er nánar tiltekið í náms- og kennsluáætlunum kennara.

STOÐÞJÓNUSTA - STUÐNINGSÚRRÆÐI

Undir stoðþjónustu Árskóla starfa deildarstjóri stoðþjónustu, náms- og starfsráðgjafi, þroskaþjálfari, sérkennarar, stuðningskennarar og stuðningsfulltrúar. Einnig er hægt að sækja frekari þjónustu til Fræðsluþjónustu Skagafjarðar. Deildarstjóri stoðþjónustu hefur yfirumsjón með og annast skipulagningu og ráðgjöf á allri sérkennslu, stuðningskennslu og öðrum stuðningi við nemendur í skólanum. Lagt er upp úr góðri samvinnu milli deildarstjóra, þroskaþjálfara, náms- og starfsráðgjafa, kennara og annarra sem koma að nemendum enda samvinna forsenda árangursríks starfs.

Í vetur störfuðu 12 kennarar og 16 stuðningsfulltrúar við stoðþjónustu Árskóla í mismunandi stöðuhlutföllum. Einn þroskaþjálfari er í fullu starfi við skólann.

Stuðningstímar kennara námu allt frá 2 kennslustundum til 27. Alls voru stuðningstímarnir 178-182 á viku. Vinnuframlag stuðningsfulltrúa var um 397 klukkustundir á viku sem fólst aðallega í einstaklingsaðstoð við nemendur en einnig að hluta til við almenna aðstoð í bekk.

Markmið stoðþjónustu Árskóla er að mæta þörfum nemenda með sérþarfir. Það er gert með sérkennslu, stuðningskennslu og/eða öðrum sértækum úrræðum. Áhersla er samt sem áður ætíð lögð á að allir nemendur taki sem mestan þátt í bekkjarstarfi og sitji kennslustundir með bekkjarfélögum eins og kostur er. Nemendum með mikil þroskafrávik eða aðra sérhæfða erfiðleika eru boðin úrræði í athvörfum/ sérkennslurýmum á hverju stigi.

Sérkennsla getur falið í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Tekið er mið af þörfum og styrkleikum hvers einstaklings og leitast er við að ná settum markmiðum með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum um leið og lögð eru fyrir verkefni við hæfi. Unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrá sem sérkennari/þroskaþjálfari og umsjónarkennarar/greinakennarar útbúa í hverju tilviki fyrir sig í samráði við foreldra/forsjáaraðila og annað starfsfólk. Stuðningskennsla er vinna með

nemendum sem þurfa stuðning og aðhald við námið en fylgja samt markmiðum jafnaldra eftir. Kennslan fer ýmist fram sem stuðningur í kennslustund eða í litlum nemendahópum.

Hlutverk stuðningsfulltrúa er að auka færni og sjálfstæði nemenda, hvort heldur sem er námslega eða félagslega. Þeir vinna undir stjórn deildarstjóra eða kennara við að aðstoða kennara við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Góð samvinna hefur verið við fyrirtæki og stofnanir í bænum við að finna sérhæfð úrræði fyrir eldri nemendur í formi starfsþjálfunar til að auka hlutverklegrar vinnu á kostnað bóklegrar. Áhersla verður á að auka þennan þátt í náminu og koma þannig enn betur á mótis við mismunandi þarfir nemenda.

Teymi hafa verið starfandi innan skólans vegna nemenda með sérþarfir af ýmsu tagi til að halda utan um málefni þeirra og námsframvindu. Oftast er um að ræða nemendur með þroskafrávik, sértæka námsörðugleika og/eða aðrar sérþarfir. Fundir eru haldnir á 6 - 8 vikna fresti. Í teymunum sitja að öllu jöfnu foreldrar, umsjónarkennari/ar, deildarstjóri stoðþjónustu og/eða stiga, þroskaþjálfari/sér- og stuðningskennari, stuðningsfulltrúi, auk aðila frá tengslastofnunum ef við á. Með innleiðingu á farsældarlögum og samþættri þjónustu hafa málstjórar frá félagsþjónustu eða ráðgjafarþroskaþjálfari á vegum sveitarfélagsins tekið við stjórn þeirra teyma þar sem foreldrar hafa skrifað undir beiðni um samþætta þjónustu. Hlutverk málstjóra er að veita upplýsingar og ráðgjöf og leiða þjónustuna. Málstjóri ber ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og að þjónusta sé veitt í samræmi við áætlun.

TEYMISKENNSLA

Teymiskennsla hefur verið í öllum árgöngum skólans í 12 ár. Unnið er með hvern árgang í heild sem bekkjardeild og umsjónarkennarar eru yfirleitt tveir, en þrír í stærri árgöngum. Með teymiskennslu er átt við að tveir eða fleiri kennarar vinni saman að kennslu í sama rými. Umsjónarkennarar/kennarar í teyminu bera

sameiginlega ábyrgð á kennslunni og skipulagi hennar og njóta liðsinnis stuðningskennara og/eða stuðningsfulltrúa sem eru þátttakendur í teyminu.

Teymiskennslan er með ýmsu sniði, algengt er að kennararnir í teyminu deili með sér kennslu allra nemendanna en einnig er nemendum gjarnan skipt í mismunandi hópum eftir námsþörfum eða námsefni. Hver árgangur hefur tvær opnar, samliggjandi kennslustofur og hafa kennarar möguleika á að loka á milli eftir hópum og viðfangsefni.

Markmið með teymiskennslunni er að efla skólastarfið enn betur en mörg kennslufræðileg- og félagsleg rök mæla með þessum kennsluháttum. Má þar nefna meiri sveigjanleika og fjölbreytni í verkefnum og kennsluaðferðum, meiri samvinnu og samhæfingu kennslu í árganginum, auðveldara er að koma til móts við námsþarfir hvers nemanda, nemendur fylgjast með góðum samskiptum kennaranna og upplifa jákvæða fyrirmynd í samskiptum fullorðinna. Kennsluáætlun heldur sér þótt einn kennara vanti og forfallakennari komi í hans stað og fjölbreyttari félagahópur getur leitt til meiri samheldni innan nemendahópsins. Fjárhagsleg rök eru einnig fyrir hendi því nýting á starfsfólki skólans verður hagkvæmari auk þess sem skólahúsnæðið er betur nýtt. Ókostir við teymiskennsluna eru að skipulag er þyngra í vöfum og að nokkru leyti tekur það lengri tíma, auk þess sem sumum nemendum finnst erfitt að vinna í áreiti sem kann að fylgja stærri nemendahópum.

ÁRVIST - FRÍSTUND

Árvist er frístundaheimili eftir að skóla lýkur fyrir börn í 1. og 2. bekk. Fjárhagsáætlun og stærð húsnæðis setur ramma utan um starfsemina. Öll börn í 1. og 2. bekk komast að í Árvist eftir að sú breyting var gerð að færa frístund fyrir 3. - 4. bekk í Hús frítímans. Börn með sérþarfir í 1. - 4. bekk eru á forsjá Árvistar í frístundastarfi. Skrá þarf börnin í Árvist og er hægt að skrá þau frá einni klukkustund upp í þrjár og hálfa klukkustund á dag. Skráning er gerð fyrirfram og gildir fyrir allt skólaárið. Hægt er að breyta vistunartíma og þarf að vera búið að því fyrir 20. hvers mánaðar.

Opið er í Árvist kl. 13:10-16:30 alla skóladaga, 12 pláss eru til kl. 16:30. Opið er á starfs- og skipulagsdögum skólans og foreldraviðtalsdögum. Þessa daga er opið frá kl. 8:00 - 16:00 og þarf að skrá sérstaklega á þessa aukadaga, lánmarksskráning á aukadögum eru 8 börn. Lokað er í jóla- og páskafríum og haust- og vetrarfríum. Árvist opnar daginn eftir fræðsludag og er opin vikuna eftir skólaslit eða þangað til Sumar TÍM hefst.

Skólaárið 2025 - 2026 voru 33 börn í 1. bekk skráð í Árvist af 33 og í 2. bekk voru 40 börn af 42 skráð, flest í heilsdagsvistun.

Í Árvist er mikið lagt upp úr íþróttastarfi UMFT og að börn séu skapandi í frjálsum leik, föndri, að lita og perla og í útiveru þar sem má vera úti frá því að börnin eru búin í hressingu sem byrjar kl. 13:30. Mikið og öflugt íþróttastarf er í boði hjá UMFT og eru nánast öll börn sem eru í Árvist í einhverjum íþróttum. Íþróttastarf er frá kl. 13:30 - 16:00 á daginn og sér starfsfólk Árvistar um að koma börnunum til og frá íþróttum. Íþróttastarf tekur mikinn tíma í Árvist og er það ánægjulegt. Einnig er hægt að fara í tónlistarskólann á Árvistartíma.

Starfsárið 2025 - 2026 gekk vel og þetta starfsár gekk vel að manna í Árvist. Starfsmennirnir voru orðnir 11 með deildarstjóra Árvistar. Af þeim eru tveir starfsmenn stuðningsfulltrúar með börn með sérþarfir. Fjórir af starfsmönnum eru líka að vinna í skólanum í eldhúsi, sem skólaliðar og stuðningsfulltrúar. Einn starfsmaður byrjaði í fæðingarorlofi frá miðjum janúar. Mikil ánægja var með starfið á meðal barna og foreldra.

SKIPULAG FÉLAGSSTARFA

Umsjónarkennarar halda utan um félagsstarf í sínum bekk. Þeir skipuleggja eftir atvikum bekkjarkvöld, spilakvöld, vinabekkjaskemmtun, litlu jól og skemmtanir, gjarnan með foreldrum, en í samstarfi við foreldrafélag skólans starfa 2 - 4 tengiliðir í hverjum árgangi sem fulltrúar foreldra.

1. – 4. bekkur. Árshátíð hvers árgangs, þar sem nemendur koma fram með ýmis skemmtiatriði og leikþætti, er haldin árlega og er foreldrum og öðrum aðstandendum boðið á sýningu í Bifröst.

5. – 7. bekkur. Árshátíð miðstigs þar sem allir nemendur 6. og 7. bekkjar koma fram er haldin árlega. Umsjónarkennarar aðstoða nemendur við undirbúning. Ágóði rennur í ferðasjóð 7. bekkjar, en hann fer í tveggja daga ferðalag að vori. Umsjónarkennarar 7. bekkjar aðstoða við fjáröflun vetrarins sem m.a. felst í kertasölu, kökubasar og söfnun auglýsinga fyrir skólablað en nemendur 7. bekkjar gáfu að þessu sinni út uppskriftablað. Vegna mikils fjölda í árgöngum hefur árshátíð 5. bekkjar í nokkur á verið sér, með sama formi og árshátíðir yngsta stigs.

8. – 10. bekkur. Árshátíð 8. og 9. bekkjar er haldin í lok nóvember. Árshátíð 10. bekkjar, leiksýningar á barnaleikriti, er haldin í mars. Ágóði árshátíða unglingastigs rennur í ferðasjóð 10. bekkja sem fara í 5 daga ferð til Danmerkur og Svíþjóðar. Nemendur í leiklistarvali 10. bekkjar bera hitann og þungann af leikritinu sjálfu, en allir nemendur í 10. bekk koma að sýningunum með einum eða öðrum hætti. Undanfarin ár hafa sýningar verið u.þ.b. 10 talsins. Umsjónarkennarar 10. bekkjar og deildarstjóri aðstoða nemendur við undirbúning og alla fjáröflun. Auk leiksýninga er ein aðalfjáröflunin dansmaráðun 10. bekkjar sem haldið er fyrri hluta októbermánaðar. 10. bekkur gefur einnig út skólablað unglingastigs, *Glóðafeyki*, til fjáröflunar. Vegna sérstakra aðstæðna hefur blaðið í tvígang ekki komið út.

Nokkur ferðalög eru farin á vegum skólans og er komin hefð á flesta áfangastaði:

1. bekkur: Heimsókn á sveitabæ – í Skagafirði.
2. bekkur: Heimsókn í Glaumbæ – Varmahlíð og skógrækt.
3. bekkur: Farið heim að Hólum.
4. bekkur: Dagsferð. Blönduós, Skagaströnd og nágrenni.
5. bekkur: Dagsferð til Hríseyjar og Dalvíkur. Einnig er farin Skagafjarðarferð, samtvinnuð Skín við sölu verkefninu.
6. bekkur: Dagsferð til Akureyrar.
7. bekkur: Skólabúðir að Reykjum (4 d.). Vorferðalag um Suðurvesturland (2 d.)
8. bekkur: Dagsferð, stundum með gistingu, í Skagafirði eða nágranna-sveitarfélagi.
9. bekkur: Menningarferð (dagsferð) til Reykjavíkur.

10. bekkur: Skólaferðalag/nemendasamskipti (5 dagar) til Danmerkur og einnig Svíþjóðar.

SAMSTARF

SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA

FORELDRAFÉLAG

Við skólann starfar foreldrafélag sem er skipað fulltrúum foreldra. Félagið hefur m.a. staðið fyrir fyrirlestrum um skóla- og uppeldismál ásamt ýmsum viðburðum á vegum skólans og í samstarfi við kennara. Í vetur stóð foreldrafélagið fyrir þeirri nýbreytni að láta taka hópmyndir og einstaklingsmyndir fyrir þá sem þess óskuðu af nemendum í 4. og 7. bekk þ.a. til væru hópmyndir við lok hvers stigs. Foreldrum var gefinn kostur á að kaupa slíkar myndir..

Í hverjum árgangi eru tveir til fjórir foreldrar tengiliðir. Þeir funda með umsjónarkennurum nokkrum sinnum á skólaárinu og aðstoða við félagsstarf í sínum árgangi. Umsjónarkennarar hafa samband við tengiliði þegar þeir vænta þátttöku foreldra í skólastarfinu en jafnframt hafa tengiliðir frumkvæði að samstarfi. Foreldrafélagið hefur í samvinnu við umsjónarkennara m.a. staðið fyrir vinahringjum í yngri bekkjum.

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn 27. október 2025.

FORELDRASAMSTARF

Nauðsynlegt er að leggja rækt við samvinnu skóla og heimila og auka þátt foreldra í skólastarfinu og reynir skólinn að leggja sitt af mörkum til að svo megi verða. Að hausti boða umsjónarkennarar hvers árgangs foreldra til sín og kynna þeim námsefni vetrarins, áætlanir viðkomandi árgangs og skólastarf vetrarins. Foreldrum gefst einnig tækifæri til að hitta stjórnendur og koma með fyrirspurnir. Stuttur fundur fyrir foreldra 1. bekkinga er haldinn í júní til að kynna þeim skólastarf komandi vetrar. Skólinn stendur fyrir ítarlegri fræðslunámskeiði fyrir foreldra 1. bekkinga að hausti, sem mælst hefur mjög vel fyrir. Þar er skólastarfið

kynnt rækilega, byrjendalæsi, stoðkerfið, sálfræðiþjónusta skólans og starfsemi fræðsluþjónustu.

Í 5. bekk hefur í mörg ár verið haldinn fræðslufundur fyrir foreldra þar sem fjallað er sérstaklega um sameiginleg viðmið og gildi í uppeldi barna. Einnig hefur verið fjallað um netnotkun barna og þær hættur sem ber að varast.

Í 8. bekk hefur einnig í nokkur ár verið haldinn fræðslufundur fyrir foreldra að hausti. Á fundinum eru foreldrum kynntar breyttar áherslur í námi og starfi þegar komið er á unglingastig. Haldnir eru fyrirlestrar, annars vegar um breytingar sem fylgja unglingsárunum og hins vegar um netnotkun unglinga og hættur í netheimum.

Kennarar 1. bekkjar kalla foreldra og börn inn í sérstök viðtöl við upphaf skólagöngu. Að vori eru valgreinar næsta skólaárs kynntar nemendum í 8. og 9. bekk og valblað afhent. Tölvupóstur er sendur út til foreldra/forsjáraðila þar sem námsframboð er kynnt. Bæklingur um námsval fyrir næsta skólaár er birtur á vef skólans. 10. bekkjar fá kynningu á innritunarferli framhaldsskólans. Í marsmánuði var nemendum í 10. bekk boðið í heimsókn í FNV þar sem þeim var kynnt námsframboð og tilhögun náms. Þeir fá einnig leiðsögn um húsnæði FNV. Nánar er fjallað um þennan dag hér að ofan. Verðandi 8. bekkjar fá kynningu á þeim valgreinum sem standa þeim til boða að hausti í 8. bekk, kynningunni er fylgt eftir með valblaði og tölvupósti til foreldra.

Kennarar eru hvattir til þess að hafa samband að fyrra bragði við foreldra vegna allra tilvika sem upp geta komið í skólastarfinu og snerta nemendur. Þetta á bæði við um þegar vel gengur og eins þegar eitthvað bjátar á og finna þarf leiðir til að leysa úr verkefnum. Oft er leitað til foreldra eftir aðstoð við skólastarfið, t.d. við undirbúning jóla- og bekkjarskemmtana, vegna ferðalaga og vettvangsferða.

TENGL VIÐ LEIKSKÓLA

Undanfarin ár hefur Árskóli átt blómlegt samstarf við leikskólann Ársali með sameiginlegum fundum og gagnkvæmum heimsóknum nemenda, sérstaklega yngstu nemendanna.

Deildarstjóri og kennarar yngsta stigs Árskóla halda fund að hausti með leikskólastjóra og kennurum í Ársölum þar sem samstarfið er skipulagt. Slíkur fundur var haldinn haustið 2025 þar sem samstarf skólanna var skipulagt. Fjölmargar gagnkvæmar heimsóknir fóru fram á skólaárinu 2025-2026. Skólahópur Ársala kom í heimsókn á bókasafn, í kennslustundir í heimastofu 1. bekkjar, í tónlistartíma með listgreinakennara og í íþróttatíma með 1. bekk. Nemendur 1. bekkjar heimsóttu Ársali í leik á skólalóð og nemendur 2. bekkjar fóru og lásu fyrir börnin í Ársölum. Með þessum heimsóknum telja starfsmenn skólanna að flutningur nemenda úr leikskóla í grunnskóla verði þeim auðveldari.

Hefð hefur myndast fyrir því að deildarstjóri yngsta stigs sé viðstaddur skólaslit í Ársölum að vori og leikskólakennarar úr Ársölum starfi í Árskóla fyrsta skóladag 1. bekkjar að hausti.

Skilafundur vegna verðandi 1. bekkinga með sérþarfir er haldinn í maí ár hvert. Þann fund sitja deildarstjórar og þroskaþjálfar í skólahópi Ársala, deildarstjóri yngsta stigs Árskóla, deildarstjóri stoðþjónustu Árskóla, þroskaþjálfar og forstöðumaður Árvistar. Skilafundur vegna annarra verðandi 1. bekkinga er haldinn um miðjan ágúst. Þann fund sitja að öllu jöfnu deildarstjórar skólahóps, deildarstjóri yngsta stigs Árskóla og umsjónarkennarar 1. bekkjar.

TENGL VIÐ FRAMHALDSSKÓLA

Gott samstarf er við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra. Nemendum 10. bekkjar er boðið í skipulagða heimsókn í FNV í mars þar sem þeir fá leiðsögn um skólann og ítarlega kynningu á námsframboði hans; áfangakerfi og skólareglum. Þennan

dag borða 10. bekkingar hádegismat á heimavist skólans áður en þeir fara á boðssýningu leikfélags nemendafélagsins í Bifröst.

Árskóli er í samstarfi við FNV varðandi kennslu í nokkrum valgreinum í 9. og 10. bekk, s.s. FabLab, hönnun og smíði, málmsmíði, rafmagnsfræði, skyndihjálp, kvikmyndagerð og stafræna miðlun og upplýsingatækni.

Árskóli hefur einnig verið í samstarfi við Hólaskóla, þar sem 9. bekkingum er boðið upp á valgreinina hestamennsku, bóklega og verklega, undir leiðsögn kennaranema á leiðbeinendastigi (æfingakennsla). Er þarna um þriggja daga námskeið að ræða og hefur þetta samstarf skólanna tekist afar vel. Sjö nemendur úr 9. bekk tóku þátt í námskeiðinu í vetur.

TENGLI VIÐ HÁSKÓLA

Háskólalestin heimsótti Árskóla um miðjan apríl í tengslum við Sæluviku. Grunnskólinn austan vatna og Varmahlíðarskóli tóku einnig þátt í verkefninu. Kennarar og annað starfsfólk sótti kennarasmiðjur. Nemendur fengu tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum og áhugaverðum námskeiðum á sviði vísinda og tækni og opið vísindahús var haldið fyrir almenning á laugardegi. Heimsóknin vakti mikla athygli og áhuga og var mikilvægt framlag til að efla vísindalæsi, forvitni og tengsl nemenda við háskóla- og rannsóknarsamfélagið.

TENGLI VIÐ INNLENDAR MENNTASTOFNANIR

Ætíð hefur verið gestkvæmt í Árskóla. Það sem helst hefur þótt áhugavert við skólann er upplýsingatæknin, innra matið, teymiskennslan og skólamenningin.

TENGLI VIÐ ERLENDA SKÓLA

Undanfarin ár hefur Árskóli verið í skólasamstarfi við önnur Evrópulönd og hefur samstarfið hlotið Erasmusstyrki. Það verkefni sem skólinn hefur hvað lengst tekið þátt í er samstarfsverkefni Árskóla og Højelse skole í Danmörku. Þessi samskipti hafa einkennst af gagnkvæmum heimsóknum og tölvusamskiptum nemenda og kennara. Í september heimsótti nemendahópur frá danska skólanum 10. bekkinga

í Árskóla. Heimsóknin var svo endurgoldin í maímánuði með skólaferðalagi 10. bekkinga úr Árskóla til Danmerkur.

VALGREINAR

Í 8. bekk geta nemendur valið sér námsgrein í 2 stundir á viku. Í vetur voru í boði námsgreinarnar FabLab, fluguhnýtingar, golf, íþróttافرæði, heimabyggðin mín, hreyfimyndagerð, jóga, leiklist og listasmiðja. Í 9. – 10. bekk er einnig boðið upp á fjölbreytt úrval valgreina. Undanfarin ár hefur skólinn boðið nemendum að fá íþróttæfingar hjá íþróttafélagi, t.d. fótbolta, körfubolta og frjálsar íþróttir metnar sem valgrein samkvæmt ákveðnum reglum sem skólinn setur og í vetur voru 29 nemendur sem nýttu sér það. Gerður er sérstakur samningur varðandi slíkar valgreinar þar sem nemendur þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi ástundun. Einnig geta nemendur fengið fullt nám í Tónlistarskóla metið sem valgrein og nýttu tveir nemendur sér það. Nemendum stóð einnig til boða að fá ungliðastarf hjá Björgunarsveitinni Trölla metið sem valgrein og nýttu fjórir nemendur sér það. Í kaflanum hér að ofan um tengsl við FNV er farið yfir námsgreinar í vali sem nemendur í 9. og 10. bekk geta sótt í framhaldsskólann. Undanfarin ár hefur valgreinum sem eru kenndar hálfan vetur verið fjölgað til þess að gefa fleiri nemendum kost á að komast að í vinsælum valgreinum.

SKÓLASAFN

Í skólanum er rúmgott skólabókasafn. Þar er góð vinnuaðstaða fyrir minni hópa. Hægt er að vera með einn árgang í vinnu á svæðinu ef svo ber undir. Bókakostur safnsins er ágætur og nokkuð fjölbreyttur þó fjárveitingar til safnsins mættu vera ríflegri. 1. – 4. bekkur voru með tvo fasta tíma á viku í safnkennslu fyrir $\frac{1}{3}$ úr árgangi í einu. Allir nemendur nýttu sér bókakostinn fyrir frjálsan lestur og margir fyrir heimildavinnu. Árlegur „bangsadagur“ var fyrir 1. – 5. bekk. Allir árgangar fengu bókakynningu fyrir jólin. Nokkrir bókaklúbbar eru á safninu fyrir nemendur og eru þeir lestrarhvetjandi fyrir marga. Nemendur á unglingastigi eru í minni lestarhópum yfir veturinn og fá þeir bækur við hæfi í þeim hópum. Einnig fengu 9. bekkur og 10. bekkur bókahraðstefnumót sem tókst vel. Nemendur í 1. – 7. bekk

tóku þátt í bókaverðlaunum barnanna og í ár var í fyrsta skipti hægt að kjósa myndlýsingu ársins og tóku nemendur einnig þátt í þeim.

Útlán safnsins síðustu skólaár.

Skólaár	Fjöldi bóka
2021 - 2022	Tölur vantar, lokun Gagnis/v. yfirfærslu í nýtt kerfi
2022 - 2023	5887*
2023 - 2024	6570*
2024 - 2025	6127
2025 - 2026	7393

*Útlán utan Gagnis eru ekki inni í þessari tölu. Bækur sem fara í kennslustofur eru ekki heldur inni í þessari tölu. Nemendur í 1. - 7. bekk fá 40 - 50 bækur til að hafa í stofunum og er þeim skipt út einu sinni á önn. Bækur og tímarit voru aðgengileg á göngum á Þekju og A-álmu.

TÖLVU - OG UPPLÝSINGATÆKNI

TÆKJABÚNAÐUR

Eins og Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir þarf að þjálfa hvern nemanda markvisst í upplýsinga- og miðlalæsi alla skólagönguna. Leggja þarf áherslu á að greinin er þverfagleg og skal samþætt inn í aðrar námsgreinar. Samhliða nýtingu upplýsinga- og samskiptatækni á Netinu er nauðsynlegt að nemendur þekki helstu reglur um örugg samskipti á stafrænum miðlum, höfundarétt, læri að virða siðferði í meðferð upplýsinga og heimilda og sýni víðtæka hæfni í notkun tækni og miðlunar. Með tilkomu gervigreindar er nauðsynlegt að nemendur öðlist skilning á virkni gervigreindar, læri að nýta hana sem hagnýtt verkfæri í námi og þrói með sér ríka gagnrýna hugsun. Í Árskóla eru allir nemendur í 1. - 7. bekk með iPad, 8. og 9. bekkur hefur Chromebooks tölvur fyrir hvern nemenda og iPad til sameiginlegrar notkunar. 10. bekkur var með iPada sem ýmist voru í eigu skólans eða í einkaeigu. Allir kennarar eru með MacBook Air fartölvu ásamt iPad til að sinna sinni kennslu.

Í tölvustofu eru 9 borðtölvur, einnig 110 Chromebook fartölvur til útláns á öllum stigum og hafa þær reynst mjög vel. Komin er tími á endurnýjun stórs hluta Chromebook tækja sem eru til útláns. Annar tæknibúnaður í eigu skólans eru iMac tölvur, aðrir iPadar og gagnvirk tæki eins og Dash, OSMO, Sphero og Blue Bot. Árskóli á þrjá þrívíddarprentara sem notaðir eru til kennslu ásamt upptökutækjum til að taka upp hlaðvörp sem oft eru val nemenda í skapandi skilum.

Nemendur og starfsmenn nota G Suite for Education frá Google. Utanumhald og uppfærslur á tækjabúnaði skólans er í MDM kerfinu JAMF.

ÞRÓUNARVERKEFNI Í UPPLÝSINGATÆKNI

Frá haustinu 2014 hefur verið unnið að breytingu kennsluhátta þar sem þjálfun starfsmanna, fagleg umræða, iPad spjaldtölvur og fartölvur spila stórt hlutverk. Lagt er upp með að nýta tækin til náms en ekki sem leiktæki. Skil á verkefnum eru meira skapandi, nemendur hafa yfirleitt val um hvort þeir skili í formi texta, hljóðs, myndbanda eða með öðrum hætti. Þar spilar tæknin stórt hlutverk í sköpuninni.

MAT Á SKÓLASTARFI

INNRA MAT Á SKÓLASTARFI

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram viðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri. Skólanámskráin er lögð til grundvallar í öllu mati skólans, en hún er sá faglegi grundvöllur sem skólastarfið byggir á. Þar eru markmið skólastarfsins sett. Markviss endurmenntunar- og þróunaráætlun er síðan unnin út frá niðurstöðum matsins.

Skólinn hefur byggt sjálfsmat sitt á skoskri sjálfsmatsaðferð, *How good is our school*, allt frá árinu 1999. Starfsfólk Skólaskrifstofu Skagfirðinga þýddi aðferðina yfir á íslensku það ár og var aðferðin nefnd *Gæðagreinar*. Aðferðin hefur verið notuð í grunnskólum í Skagafirði og víðar um land síðan. Skotarnir hafa þróað og uppfært sjálfsmatsaðferðina í gegnum árin. Þriðja útgáfa hennar var þýdd yfir á íslensku og gefin út árið 2010 og nefndist þá *Gæðagreinar 2*. Fjórða útgáfan var þýdd og gefin út í Sveitarfélaginu Skagafirði í apríl 2016. Íslenska þýðingin ber heitið *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* Innleiðing á nýrri útgáfu á *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* hófst í Árskóla vorið 2016. Gæðagreinar sem starfsfólk skólans hefur búið til um skólastarf í Árskóla eru lagðir fyrir til mats og umbóta. Starfsfólk skólans er orðið vel þjáfað í innra mati á skólastarfinu sem byggir á ábyrgri, faglegri ígrundun og þátttöku allra þar sem umbótamiðað skólastarf er grunnhugsunin. Nemendur hafa einnig komið að innra mati og tekið þátt í mati á skólastarfinu með sjálfsmatsaðferðinni. Stefnt er í átt að *framúrskarandi skólastarfi*. Niðurstöður mats starfsfólks og umbótaáætlanir sem settar hafa verið fram á skólaárinu má skoða í sjálfsmatsskýrslu skólans sem gefin er út árlega og birt á heimasíðu skólans.

Fyrir nokkrum árum tók Árskóli í notkun vefkerfið Bravo Lesson, sem ætlað er að stuðla að aukinni skilvirkni og auðvelda framkvæmd sjálfsmats og gerð umbótaáætlana. Vinnan í kerfinu eflir skipulag og sparar tíma auk þess að búa yfir þeirri hagræðingu að geta flutt út skýrslur og birt myndrit við kynningar og á heimasíðu skólans. Bravo Lesson býður upp á fleiri möguleika, t.d. er hægt að nýta það við vettvangsathuganir í skólum.

YTRA MAT Á SKÓLASTARFI

Ytra mat á skólastarfi Árskóla fór síðast fram skólaárið 2021-2022 á vegum þáverandi Menntamálastofnunar. Lagt var mat á þrjá fyrirfram ákveðna matsþætti sem eru stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Niðurstöðum var skilað í skýrslu þar sem fram komu styrkleikar og tækifæri til umbóta á hverjum matsþætti fyrir sig. Niðurstöður voru mjög jákvæðar og í

kjölfarið var unnið að umbótum samkvæmt umbótaáætlun skólans og greinargerð skilað. Ytra mat á vegum ráðuneytisins hefur ekki farið fram síðan.

MATSFERILL

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu tók til starfa fyrir tveimur árum. Eitt af verkefnum stofnunarinnar er að þróa og innleiða heildstætt matskerfi sem fengið hefur nafnið Matsferill. Honum er ætlað að draga upp heildstæða mynd af námslegri stöðu og framvindu nemenda í gegnum skólagönguna og finna þá sem eru líklegir til að glíma við námsvanda þannig að hægt sé að veita þeim viðeigandi stuðning sem allra fyrst. Árskóli var í hópi skóla sem tók þátt í forprófun á stöðu- og framvinduprófum í lesskilningi og stærðfræði skólaárið 2024-2025. Á þessu skólaári voru prófin tilbúin og grunnskólum var gert skylt að leggja þau fyrir í 4., 6. og 9. bekk í marsmánuði 2026. Ákveðið var að í Árskóla yrðu prófin lögð fyrir í öllum árgöngum í 4. - 10. bekk til að kortleggja stöðuna. Fyrirlögn prófanna gekk að öllu jöfnu vel.

ENDURMENNTUN

FRÆÐSLA INNAN SKÓLANS

Nokkur fræðsluerindi fyrir starfsmenn voru haldin innan skólans í vetur, sum rafræn. Má þar nefna fræðslu um kvíða barna á vegum Litlu kvíðameðferðarstöðvarinnar og netkynningu á Læsi sem er forrit til að halda utan um lestur nemenda (skolalausnir.is). Háskólalestin á vegum HÍ heimsótti Árskóla 16. - 18. apríl og þar var kennurum í Skagafirði boðið upp á kennarasmiðjur með fræðsluerindum um hegðunarvanda og ofbeldi barna, gervigreind í skólastarfi og verklega vísindakennslu. Voru þessi erindi áhugaverð og vel sótt.

RÁÐSTEFNUR, NÁMSFERÐIR OG NÁMSKEIÐ UTAN SKÓLANS

Undanfarin ár hefur Árskóli verið í skólasamstarfi við önnur lönd í Evrópu í gegnum Erasmus+. Skólinn er með aðild að Erasmus+ menntaáætluninni. Í gegnum aðildina hefur skólinn fengið styrk fyrir nemendur og starfsfólk til að

heimsækja önnur lönd í Evrópu og sækja þar endurmenntun. Á þessu skólaári fóru 4 nemendur og 6 starfsmenn í ferðir á vegum Erasmus+.

Haustþing KSNV var haldið í Árskóla 29. ágúst og það sóttu allir kennarar og stjórnendur. Skólastjórnendur sóttu Námstefnu SÍ sem haldin var á Selfossi í október. Stjórnendur og kennarar sem kenna íslensku og stærðfræði sóttu kynningu á Matsferli, stöðu- og framvinduprófum í íslensku og stærðfræði á Blönduósi 21. janúar sl. Kynningin var á vegum Skólaþjónustu Norðurlands vestra og Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (MMS).

Einstakir starfsmenn sóttu ráðstefnur erlendis í vetur og má þar nefna FSB 2025 Koelnmesse í Köln sem einn starfsmaður sótti, Bett ráðstefnuna í London í janúar sem 5 kennarar sóttu, 2 kennarar sóttu námskeið fyrir íþróttakennara „Að stíga inn í innri styrk“ á vegum KVAN travel sem haldið var á Tenerife.

Dagana 5. - 10. júní fóru 44 starfsmenn í fræðsluferð til Berlínar, með blöndu af skólaheimsóknum og námskeiðum/fræðsluerindum t.d. um jákvæð samskipti og samvinnu og traust.

FRÆÐSLUDAGUR

Sameiginlegur fræðsludagur starfsfólks leik- og grunnskóla, FNV og Tónlistarskóla Skagafjarðar fór fram í Miðgarði í Varmahlíð 18. ágúst 2025 og tóku allir starfsmenn skólans þátt í honum.

ÞRÓUNARVERKEFNI – NÝBREYTNISTARF

SJÁÐU STYRKLEIKANN! - SEE THE GOOD!

Á þessu skólaári unnum við áfram að innleiðingu verkefnisins „*See the Good!*“, eða „Sjáðu styrkleikann!“ eins og það kallast á íslensku.

Verkefnið snýst um að innleiða aðferðafræði sem var þróuð í Finnlandi og hjálpar nemendum að átta sig á hvar styrkleikar þeirra liggja. *See the Good* verkefnið byggir á hagnýtum verkfærum fyrir kennara og starfsfólk skóla þar sem unnið er með 26 skilgreinda styrkleika nemenda á markvissan hátt sem

eflir nemendur bæði í námi og daglegu lífi. Þessi aðferðafræði byggir á jákvæðri sálfræði og er nú þegar notuð í yfir fimmtán löndum með góðum árangri.

Verkefnið hófst með því að sérstakt teymi starfsmanna fór til Finnlands til að kynna sér aðferðafræðina. Í kjölfarið komu höfundar verkefnisins í Árskóla og héldu kynningu fyrir allt starfsfólk. Teymið stóð svo fyrir vinnufundum á öllum stigum skólans til að skipuleggja framkvæmdina. Lögð var áhersla á að samstillta orðræðu starfsfólks, grípa tækifæri til að hrósa og tala á uppbyggilegan hátt. Verkefnið var gert vel sýnilegt í skólanum; styrkleikaveggspjöld voru hengd upp í skólastofur og önnur rými, og teymið þýddi styrkleikaspjöld sem skólinn lét prenta út fyrir alla árganga.

Í byrjun skólaársins 2025 var sett á laggirnar nýtt styrkleikateymi. Nýja teymið fylgdi verkefninu eftir og skipulagði styrkleika haustannar og á vorönn var unnið með styrkleika sem nemendur á mið- og unglingastigi völdu sjálfir að vinna með. Allir nemendur skólans fengu það verkefni að velja sér að minnsta kosti einn persónustyrkleika sem þeir búa yfir og ræddu þann styrkleika í foreldraviðtölum í febrúar í samráði við kennara sína.

Verkefni og styrkleikar hvers mánaðar eru höfð vel sýnileg innan skólans og þeim miðlað reglulega á Facebook-síðu Árskóla, auk þess sem hlekkur á heimasíðu verkefnisins er aðgengilegur á forsíðu skólans.

Á skólaárinu 2025–2026 var stigið það skref að búa til sérstaka gæðagreina fyrir verkefnið til þess að fella það inn í innra mat skólans. Til að leggja mat á árangurinn er send út viðhorfskönnun til starfsfólks bæði að hausti og vori þar sem framvinda og áhrif styrkleikastarfsins eru mæld.

Þeir styrkleikar sem unnið var með skólaárið 2025-2026 voru:

september: bjartsýni	janúar og febrúar: lærdómsfús
október: hugrekki	mars: sköpunargleði
nóvember/desember: húmor	apríl og maí: sjálfsstjórn

LESTRARSTEFNA

Lestur er börnum bestur er heiti [Lestrarstefnu Skagafjarðar](#). Markmið lestrarstefnu Skagafjarðar eru: Að efla læsi í tónlistar-, leik- og grunnskólum í Skagafirði, að skapa samfellu í læsinnámi barna og byggja ofan á þann grunn sem fyrir er og efla samstarf við heimilin á sviði lestrar. Stefnan leit fyrst dagsins ljós haustið 2018 og kom þá út á prenti. Í kjölfarið var henni dreift inn á öll heimili nemenda í Árskóla eftir kynningu á fræðslufundum fyrir foreldra. Lestrarstefnan er einnig aðgengileg á rafrænu formi á heimasíðu skólans. Gert var ráð fyrir að hún yrði uppfærð reglulega því stefna eins og þessi þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Sú endurskoðun var í höndum læsisráðs Skagafjarðar en í því sátu fulltrúar fyrir hvern leik- og grunnskóla í firðinum. Læsisráðið hefur ekki verið starfandi síðustu ár þar sem lykilfólk starfar ekki lengur hjá sveitarfélaginu og lestrarstefnan hefur því ekki verið uppfærð reglulega. Lestrarstefnan var metin í innra mati skólans í vetur og má sjá niðurstöðurnar í Sjálfsmatsskýrslu Árskóla 2026.

BYRJENDALÆSI

Byrjendalæsi er sú kennsluaðferð sem Árskóli leggur til grundvallar í lestrarkennslu á yngsta stigi. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi ætluð yngstu nemendunum og tók innleiðingarferlið tvö ár undir handleiðslu Miðstöðvar skólaþróunar Háskólans á Akureyri. Því formlega samstarfi lauk vorið 2012 þó ennþá séu tengsl í formi ráðgjafar og rafrænna vinnusmiðja. Í Byrjendalæsi er unnið með lestur, ritun, tal og hlustun á heildstæðan hátt og lögð áhersla á orðaforða og lesskilning. Viðfangsefni eru sótt í merkingarbæran texta og þá gjarnan í barnabækur. Mikið er lagt upp úr samvinnu nemenda og einstaklingsmiðun í kennslu. Segja má að Byrjendalæsi leiði af sér bæði fjölbreytni í læsisaðferðum og kennsluháttum. Vænst er skuldbindingar að hálfu nýrra kennara á yngsta stigi við aðferðina þannig að þeir fara í gegnum tveggja ára nám sem felst í fræðslu um aðferðina í gegnum rafrænar smiðjur frá

HA og stuðningi frá leiðtoga/tengiliði innan skólans. Fjórir kennarar frá Árskóla lögðu stund á nám í byrjendalæsi í vetur en alls hafa 30 kennarar í Árskóla útskrifast sem byrjendalæsiskennarar. Jákvæðni og ánægja er mikil með vinnubrögð Byrjendalæsis, bæði hjá nemendum og kennurum, þannig að óhætt er að segja að vel hafi tekist til við að festa Byrjendalæsi í sessi í skólastarfi yngstu nemendanna.

EINELTISSTARFID

Árskóli hefur unnið samkvæmt eigin stefnu gegn einelti á þessu skólaári. Fanney Rós Konráðsdóttir grunnskólakennari gegndi starfi verkefnastjóra eineltisteymis í Árskóla skólaárið 2025-2026.

Hefðbundin vinna gegn einelti var í öllum bekkjum skólans þar sem bekkjarreglur voru settar og hengdar upp í heimastofum, bekkjarfundir voru haldnir og eineltisáætlunin og eineltishringurinn rifjaður upp. Þann 8. nóvember var árlegur baráttudagur gegn einelti, en haldið var upp á hann í Árskóla mánudaginn 10. nóvember. Á þeim degi var grænn dagur í skólanum og unnu nemendur verkefni gegn einelti. Líkt og gert er ráð fyrir í nýrri eineltisáætlun skólans eru meint eineltismál unnin skv. fyrirfram ákveðnu verklagi þar sem könnun máls og eftirfylgni eru unnin innan skólans í umsjón deildarstjóra og umsjónarkennara og í samráði við foreldra.

Tengslakannanir voru lagðar fyrir nemendur skólans í vetur. Spurningalistar voru gerðir í samvinnu við deildarstjóra stiganna, misjafnt var hversu margar spurningar voru lagðar fyrir á hverju stigi. Einungis var notast við jákvæðar spurningar varðandi tengsl nemenda innan bekkjarins. Fundað var um niðurstöður kannananna með deildarstjórum og umsjónarkennurum.

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. - 10. bekk í vetur. Tíðni eineltis var mælt í þeirri könnun. Niðurstöður Skólapúlsins leiddu í ljós að tíðni eineltis hefur minnkað frá árinu á undan og mælist marktækt undir landsmeðaltali eða 4,7%. Skilgreining á einelti skv. Skólapúlsinum samræmist hins vegar ekki skilgreiningu á einelti skv. eineltisáætlun sem skólinn starfar eftir. Í

Skólapúlsinum getur nemandi svarað því til að hann hafi orðið einu sinni fyrir einelti á 30 daga tímabili og flokkast það sem einelti í könnun Skólapúlsins.

Eineltisteymið mun starfa áfram samkvæmt eineltisáætlun Árskóla næsta skólaár. Það er markmið starfsfólks Árskóla að áfram verði unnið öflugt forvarnarstarf í skólanum gegn einelti en það verður seint undirstrikað hversu stórt hlutverk foreldrar og nærsamfélagið spila í þessari baráttu.

HEILSUEFLANDI SKÓLI

Í skólanum er starfandi heilsueflandi teymi sem hefur það hlutverk að halda utan um heilsueflingu innan skólans. Áherslur skólaársins voru eftirfarandi:

- Gera teymið og vinnuna sýnilegri
- Halda reglulega fundi
- Vinna í gátlistum og draga grunnlínu
- Heilsuefling starfsfólks
- Taka þátt í ólympíuhlaupi ÍSÍ
- Heilsuvika Árskóla í febrúar sem endar á íþróttadegi

Fyrsta stóra verkefni teymisins var að halda ólympíuhlaup ÍSÍ haustið 2025. Það gekk nokkuð vel og tókst viðburðurinn vel. Heilsuvika Árskóla var haldin í aðdraganda íþróttadags sem fór fram í febrúar, það er komin hefð fyrir íþróttadegi þannig að skipulag hans var óbreytt frá því árið 2024 en þá voru gerðar nokkrar breytingar. Helsta breytingin var sú að dagskráin var styttn og hvert stig hélt sínum venjulega tíma í morgunmat og hádegismat ásamt því að fara í útiveru.

Heilsustefna skólans var uppfærð og er hún eftirfarandi:

Heilsustefna Árskóla

Árskóli er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli sem Landlæknisembættið stendur fyrir og fær með því ráðgjöf og stuðning varðandi heilsueflingu innan skólans.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla þá er heilbrigði og velferð einn af grunnþáttum skólastarfs. Að vera heilsueflandi grunnskóli felur í sér að vinna markvisst að heilsueflingu í starfi sínu. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks, í samvinnu við heimili og nærsamfélag.

Áherslupættir stefnunnar eru: Nemendur, nærsamfélag, mataræði/tannheilsa, hreyfing/öryggi, lífsleikni, geðrækt, heimili og starfsfólk.

Það er stefna Árskóla að bæta heilsu og líðan þeirra sem nema og starfa við skólann. Heilsustefnunni er ætlað að hafa áhrif á allar daglegar venjur og allt skólastarf og miðar að því að skapa skólasamfélag sem hvetur nemendur og starfsfólk til þess að tileinka sér heilsusamlega lífshætti og eykur vitund um mikilvægi þess að hugsa vel um líkama og sál. Það er mikilvægt að skapa snemma góða siði er varða heilsu okkar því það stuðlar að frekari árangri og vellíðan út í lífið. Skólinn skipar þar stórt hlutverk og á að vera fyrirmynd hvað þetta varðar. Forvarnir og heilsuefling er sameiginlegt verkefni allra sem að skólastarfinu koma og með því að taka þátt í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli fáum við tækifæri til þess að standa okkur enn betur í þeim efnum.

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Árskóli

Skóladagatal 2025 - 2026 - Drög

AGUST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRUAR		MARS		APRIL		MAÍ		JÚNÍ	
1 F	1 M	1 M	1 M	1 M	1 L	1 L	1 L	1 M	1 M	1 F	1 F	1 S	1 S	1 S	1 S	1 M	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 F	2 F	2 S	2 S	2 S	2 Þ	2 Þ	2 F	2 F	2 M	2 M	2 M	2 M	2 F	2 F	2 L	2 L	2 Þ	2 Þ
3 S	3 M	3 F	3 F	3 F	3 M	3 M	3 M	3 M	3 M	3 L	3 L	3 Þ	3 Þ	3 Þ	3 Þ	3 F	3 F	3 S	3 S	3 M	3 M
4 M	4 F	4 F	4 F	4 F	4 Þ	4 Þ	4 Þ	4 F	4 F	4 S	4 S	4 M	4 M	4 M	4 M	4 L	4 L	4 M	4 M	4 F	4 F
5 Þ	5 F	5 S	5 S	5 S	5 M	5 M	5 M	5 F	5 F	5 M	5 M	5 F	5 F	5 F	5 F	5 S	5 S	5 Þ	5 Þ	5 F	5 F
6 M	6 L	6 M	6 M	6 M	6 F	6 F	6 F	6 L	6 L	6 Þ	6 Þ	6 F	6 F	6 F	6 F	6 M	6 M	6 M	6 M	6 L	6 L
7 F	7 S	7 S	7 S	7 S	7 F	7 F	7 F	7 S	7 S	7 M	7 M	7 L	7 L	7 L	7 L	7 Þ	7 Þ	7 F	7 F	7 S	7 S
8 F	8 M	8 M	8 M	8 M	8 L	8 L	8 L	8 M	8 M	8 F	8 F	8 S	8 S	8 S	8 S	8 M	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M
9 L	9 Þ	9 F	9 F	9 F	9 S	9 S	9 S	9 Þ	9 Þ	9 F	9 F	9 M	9 M	9 M	9 M	9 L	9 L	9 F	9 F	9 Þ	9 Þ
10 S	10 M	10 F	10 F	10 F	10 M	10 M	10 M	10 M	10 M	10 L	10 L	10 Þ	10 Þ	10 Þ	10 Þ	10 S	10 S	10 M	10 M	10 F	10 F
11 M	11 F	11 S	11 S	11 S	11 M	11 M	11 M	11 F	11 F	11 S	11 S	11 M	11 M	11 M	11 M	11 L	11 L	11 M	11 M	11 F	11 F
12 Þ	12 F	12 S	12 S	12 S	12 M	12 M	12 M	12 F	12 F	12 S	12 S	12 M	12 M	12 M	12 M	12 F	12 F	12 M	12 M	12 F	12 F
13 M	13 L	13 M	13 M	13 M	13 F	13 F	13 F	13 L	13 L	13 S	13 S	13 M	13 M	13 M	13 M	13 L	13 L	13 M	13 M	13 F	13 F
14 F	14 S	14 M	14 M	14 M	14 L	14 L	14 L	14 S	14 S	14 M	14 M	14 Þ	14 Þ	14 Þ	14 Þ	14 F	14 F	14 M	14 M	14 S	14 S
15 F	15 M	15 M	15 M	15 M	15 L	15 L	15 L	15 M	15 M	15 F	15 F	15 S	15 S	15 S	15 S	15 M	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M
16 L	16 Þ	16 F	16 F	16 F	16 M	16 M	16 M	16 L	16 L	16 S	16 S	16 M	16 M	16 M	16 M	16 F	16 F	16 L	16 L	16 Þ	16 Þ
17 S	17 M	17 F	17 F	17 F	17 M	17 M	17 M	17 F	17 F	17 S	17 S	17 M	17 M	17 M	17 M	17 L	17 L	17 M	17 M	17 F	17 F
18 M	18 F	18 S	18 S	18 S	18 M	18 M	18 M	18 L	18 L	18 S	18 S	18 M	18 M	18 M	18 M	18 F	18 F	18 L	18 L	18 Þ	18 Þ
19 Þ	19 F	19 S	19 S	19 S	19 M	19 M	19 M	19 F	19 F	19 S	19 S	19 M	19 M	19 M	19 M	19 L	19 L	19 M	19 M	19 F	19 F
20 M	20 L	20 M	20 M	20 M	20 F	20 F	20 F	20 L	20 L	20 S	20 S	20 M	20 M	20 M	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 L
21 F	21 M	21 F	21 F	21 F	21 M	21 M	21 M	21 L	21 L	21 S	21 S	21 M	21 M	21 M	21 M	21 F	21 F	21 M	21 M	21 S	21 S
22 F	22 M	22 F	22 F	22 F	22 M	22 M	22 M	22 L	22 L	22 S	22 S	22 M	22 M	22 M	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 S	22 S
23 L	23 Þ	23 F	23 F	23 F	23 M	23 M	23 M	23 L	23 L	23 S	23 S	23 M	23 M	23 M	23 M	23 F	23 F	23 M	23 M	23 S	23 S
24 S	24 M	24 F	24 F	24 F	24 M	24 M	24 M	24 L	24 L	24 S	24 S	24 M	24 M	24 M	24 M	24 F	24 F	24 M	24 M	24 S	24 S
25 M	25 F	25 S	25 S	25 S	25 M	25 M	25 M	25 L	25 L	25 S	25 S	25 M	25 M	25 M	25 M	25 F	25 F	25 M	25 M	25 S	25 S
26 Þ	26 F	26 S	26 S	26 S	26 M	26 M	26 M	26 L	26 L	26 S	26 S	26 M	26 M	26 M	26 M	26 F	26 F	26 M	26 M	26 S	26 S
27 M	27 L	27 M	27 M	27 M	27 F	27 F	27 F	27 L	27 L	27 S	27 S	27 M	27 M	27 M	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 L
28 F	28 S	28 M	28 M	28 M	28 L	28 L	28 L	28 S	28 S	28 M	28 M	28 Þ	28 Þ	28 Þ	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 S	28 S
29 F	29 M	29 F	29 F	29 F	29 M	29 M	29 M	29 L	29 L	29 S	29 S	29 M	29 M	29 M	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 S	29 S
30 L	30 Þ	30 F	30 F	30 F	30 M	30 M	30 M	30 L	30 L	30 S	30 S	30 M	30 M	30 M	30 M	30 F	30 F	30 M	30 M	30 L	30 L
31 S	31 M	31 F	31 F	31 F	31 M	31 M	31 M	31 L	31 L	31 S	31 S	31 M	31 M	31 M	31 M	31 F	31 F	31 M	31 M	31 S	31 S

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu 180 lögbundnir skóladagar nemenda vera á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlífð af kjarasamningum.

Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

FYLGISKJAL 2 – SKÓLADAGATAL 2026-2027

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2026 - 2027

Nafn skóla:

Arskóli

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANUAR		FEBRÚAR		MARS		APRIL		MAÍ		JÚNÍ	
1 L	1 Þ	1 F	1 F	1 F	1 S	1 S	1 Þ	1 F	1 F	1 F	1 M	1 M	1 M	1 M	1 M	1 F	1 F	1 L	1 L	1 Þ	1 Þ
2 S	2 M	2 M	2 F	2 F	2 M	2 M	2 M	2 M	2 M	2 L	2 L	2 Þ	2 Þ	2 Þ	2 Þ	2 F	2 F	2 S	2 S	2 M	2 M
3 M	Friðdagur verslunarmanna	3 F	3 L	3 L	3 Þ	Arskóli 1 - 3 Þ	3 F	3 F	3 F	3 S	3 S	3 M	3 M	Arskóli 10 - 3. hvernings	3 M	3 L	3 L	3 M	3 M	3 F	3 F
4 Þ	4 F	4 S	4 S	4 S	4 M	Arskóli 1 - 3 Þ	4 F	4 F	4 F	4 M	4 M	4 F	4 F	4 F	4 F	4 S	4 S	4 Þ	4 Þ	4 F	4 F
5 M	5 L	5 M	5 M	5 M	5 F	5 F	5 L	5 L	5 L	5 Þ	5 Þ	5 F	5 F	5 F	5 F	5 M	5 M	5 M	5 M	5 L	5 L
6 F	6 S	6 S	6 Þ	6 Þ	6 F	6 F	6 S	6 S	6 S	6 M	6 M	6 L	6 L	6 L	6 L	6 Þ	6 Þ	6 F	6 F	6 S	6 S
7 F	7 M	7 M	7 M	7 M	7 L	7 L	7 L	7 M	7 M	7 F	7 F	7 S	7 S	7 S	7 S	7 M	7 M	7 F	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 F	8 S	8 S	8 Þ	8 Þ	8 Þ	8 F	8 F	8 M	8 M	8 M	8 M	8 L	8 L	8 L	8 L	8 Þ	8 Þ
9 S	9 M	9 M	9 F	9 F	9 M	9 M	9 M	9 M	9 M	9 L	9 L	9 Þ	9 Þ	9 Þ	9 Þ	9 F	9 F	9 S	9 S	9 M	9 M
10 M	10 F	10 F	10 L	10 L	10 Þ	10 Þ	10 F	10 F	10 F	10 S	10 S	10 M	10 M	Okundagur - Skóladagur	10 M	10 L	10 L	10 M	10 M	10 F	10 F
11 Þ	11 F	11 F	11 S	11 S	11 M	11 M	11 F	11 F	11 F	11 M	11 M	11 Þ	11 Þ	11 F	11 F	11 S	11 S	11 Þ	11 Þ	11 F	11 F
12 M	12 L	12 M	12 M	12 M	12 F	12 F	12 L	12 L	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F	12 F	12 F	12 F	12 M	12 M	12 M	12 M	12 L	12 L
13 F	13 S	13 S	13 Þ	13 Þ	13 F	13 F	13 L	13 L	13 L	13 M	13 M	13 Þ	13 Þ	13 F	13 F	13 S	13 S	13 F	13 F	13 S	13 S
14 F	14 M	14 M	14 M	14 M	14 L	14 L	14 L	14 M	14 M	14 F	14 F	14 S	14 S	14 S	14 S	14 M	14 M	14 F	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 Þ	15 F	15 F	15 S	15 S	15 Þ	15 Þ	15 Þ	15 F	15 F	15 M	15 M	Arskóli yngsta lags	15 M	15 L	15 L	15 L	15 L	15 Þ	15 Þ
16 S	16 M	16 M	16 M	16 M	16 M	16 M	16 M	16 M	16 M	16 L	16 L	16 Þ	16 Þ	Arskóli yngsta lags	16 Þ	16 F	16 F	16 S	16 S	16 M	16 M
17 M	17 F	17 F	17 L	17 L	17 Þ	17 Þ	17 F	17 F	17 F	17 S	17 S	17 M	17 M	Arskóli yngsta lags	17 M	17 L	17 L	17 M	17 M	17 F	17 F
18 Þ	18 F	18 F	18 S	18 S	18 M	18 M	18 F	18 F	18 F	18 M	18 M	18 F	18 F	Arskóli yngsta lags	18 F	18 S	18 S	18 S	18 S	18 F	18 F
19 M	19 L	19 L	19 M	19 M	19 F	19 F	19 L	19 L	19 L	19 Þ	19 Þ	19 F	19 F	19 F	19 F	19 M	19 M	19 M	19 M	19 L	19 L
20 S	20 S	20 Þ	20 Þ	20 Þ	20 F	20 F	20 S	20 S	20 S	20 M	20 M	20 L	20 L	20 L	20 L	20 Þ	20 Þ	20 F	20 F	20 S	20 S
21 F	21 M	21 M	21 M	21 M	21 L	21 L	21 M	21 M	21 M	21 F	21 F	21 S	21 S	21 S	21 S	21 M	21 M	21 F	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 Þ	22 F	22 F	22 S	22 S	22 Þ	22 Þ	22 Þ	22 M	22 M	22 M	22 M	22 M	22 M	22 F	22 F	22 L	22 L	22 Þ	22 Þ
23 S	23 M	23 M	23 F	23 F	23 M	23 M	23 L	23 L	23 L	23 Þ	23 Þ	23 Þ	23 Þ	23 Þ	23 Þ	23 M	23 M	23 S	23 S	23 M	23 M
24 M	24 F	24 F	24 L	24 L	24 M	24 M	24 S	24 F	24 F	24 S	24 S	24 M	24 M	24 M	24 M	24 L	24 L	24 M	24 M	24 F	24 F
25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M	25 F	25 F	25 M	25 M	25 F	25 F	25 F	25 F	25 Þ	25 Þ	25 Þ	25 Þ	25 F	25 F
26 M	26 L	26 L	26 M	26 M	26 F	26 F	26 M	26 M	26 M	26 Þ	26 Þ	26 F	26 F	26 F	26 F	26 M	26 M	26 M	26 M	26 L	26 L
27 F	27 S	27 S	27 Þ	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 S	27 S	27 M	27 M	27 L	27 L	27 L	27 L	27 Þ	27 Þ	27 F	27 F	27 S	27 S
28 F	28 M	28 M	28 M	28 M	28 L	28 L	28 M	28 M	28 M	28 F	28 F	28 S	28 S	28 S	28 S	28 M	28 M	28 F	28 F	28 M	28 M
29 Þ	29 F	29 F	29 Þ	29 Þ	29 S	29 S	29 M	29 M	29 M	29 F	29 F	29 Þ	29 Þ	29 Þ	29 Þ	29 L	29 L	29 M	29 M	29 Þ	29 Þ
30 S	30 M	30 M	30 F	30 F	30 M	30 M	30 L	30 L	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 F	30 F	30 F	30 M	30 M	30 S	30 S	30 M	30 M
31 M			31 L	31 L	31 M	31 M	31 F	31 F	31 F	31 S	31 S	31 M	31 M	31 M	31 M	31 F	31 F	31 M	31 M	31 M	31 M

Samkvæmt klárasmíngi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu 180 lögbundnir skóladagar nemenda vera á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir í samráði við kennara og með hlífðun af klárasmíngum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.